



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

29. nóv. 2018 – Pistill nr. 44



*Þessar skvísur voru mættar í félagsstarf eldri borgara í íþróttahúsinu í gær hjá Dísu og Ástu og voru ánægðar með fréttirnar um lækkun fasteignagjalda eldri borgara. Voru þær með ýmislegt spennandi á þróunum. Þá voru nokkrir eldri borgarar á sama tíma í vaxdekri sem Ásta bauð upp á. Líf og fjör hjá eldri borgurum í Mývatnssveit!*

### Fjárhagsáætlun 2019: Ókeypis skólamáltíðir, lækkun fasteignagjalda eldri borgara og miklar fjárfestingar

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti fjárhagsáætlun 2019-2022 á fundi sínum í gærmorgun. Fjárhagsáætlun endurspeglar viðsnúning í rekstri sveitarfélagsins undanfarin ár til hins betra og ber þess merki að frekari uppbygging er fram undan. Forgangsverkefni næsta árs er stækkun leikskóla, viðhald á eignum sveitarfélagsins, kaup á nýjum íbúðum og komið verður sérstaklega til móts við tvo hópa, þ.e. fjölskyldufólk og eldri borgara:

- Fjölskyldufólki með því að bjóða upp á ókeypis skólamáltíðir í grunnskóla og leikskóla frá og með áramótum.
- Eldri borgurum með því að lækka fasteignagjöld verulega. Í flestum tilfellum

falla fasteignagjöld þeirra alveg niður því tekjuviðmið til niðurfellingar og afsláttar hafa verið hækkuð um 38% á milli ára.

Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin af sveitarstjórn, sveitarstjóra, skrifstofustjóra auk þess sem samráð var haft við forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins og endurskoðanda. Fjárhagsáætlunin er unnin út frá markmiðum sem sveitarstjórn setti sér á 5. fundi þann 26. september 2018 en þau eru:

*Áfram skal haldið með markmið sem sett voru í fjárhagsáætlun 2018-2021. Rekstur A-hluta sveitarfélagsins verði í jafnvægi, þ.e. skatttekjur og þjónustutekjur standi undir rekstri málaflokka og sjóða A-hluta. Jákvæð rekstrarmiðurstæða samstæðu, þ.e. A- og B-hluta, sem jafnframt standi undir framkvæmdum án lántöku. Engar vaxtatekjur verði nýttar til rekstrar, eingöngu til fjárfestinga eða til að auka við handbært fé Skútustaðahrepps. Sem þýðir þá að rekstrarafgangur þarf að vera meiri eða jafnmikill og vaxtatekjur. Handbært fé verði ekki lægra en 100 milljónir króna.*

#### Almennar forsendur fjárhagsáætlunar:

Útsvar 14,52% (óbreytt).

Fasteignaskattur A 0,625% af fasteignamati

Fasteignaskattur B 1,32% af fasteignamati

Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati

Vatnsgjald 0,15% af fasteignagjaldi

Holræsagjald 0,225% af fasteignagjaldi

Lóðaleiga 10.000 pr. ferm

Almennar gjaldskrár: Almenn 2% hækkun.

Íbúafjöldi 2016 2017 2018 2019 2020

1. des. 432 493 505 515 525

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu

samanlögð útgjöld vegna rekstrar A- og B hluta ekki

vera hærri en sem nemur reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili. Frá því tap varð á rekstrinum 2014 hefur verið viðsnúningur í rekstri sveitarfélagsins. Síðan þá hafa bæði hagræðingaraðgerðir og talsverð tekjuaukning vegna fólksfjölgunar og hækkun fasteignamats breytt forsendum í rekstri sveitarfélagsins til hins betra. Allt stefnir í að reksturinn verði jákvæður fyrir rekstrarárið 2018 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Á þessu ári hefur verið farið í ýmsar framkvæmdir, viðhald og endurnýjun og verður því framhaldið á næsta ári. Heildartekjur samstæðunnar (A og B hluta) eru áætlaðar 578,5 m.kr. á næsta ári, þar af nemi tekjur A-hluta 548,0 m.kr. Rekstrargjöld samstæðu fyrir fjármagnsliði nemi 510,1 m.kr., þar af nemi rekstrargjöld A-hluta 482,8 m.kr. Fjármagnsliðir nettó þ.e fjármagnstekjur nemi 3,6 milljónum. Rekstrarniðurstaða samstæðu verði jákvæð um 72,0 m.kr., þar af verði rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 69,4 m.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu nemi 110,0 m.kr. sem verður nýtt til fjárfestinga/framkvæmda. Handbært fé frá rekstri samstæðu nemi 53,3 m.kr. Sveitarfélagið greiðir engin langtímalán þar sem þau voru greidd upp að fullu á þessu ári. Framlegðarhlutfall A og B hluta er áætlað 21,1%. Ekki er gert ráð fyrir nýjum langtímalántökum á árinu en gert ráð fyrir vaxtatekjum vegna sölu á hlut sveitarfélagsins í Jarðböðunum og FjarSKIPTAFÉLAGI Mývatnssveitar fyrr á þessu ári.

### **Fjárfestingaáætlun 2019:**

Helstu framkvæmdir næsta árs verða stækkun leikskóla, kaup á tveimur íbúðum í nýjum raðhúsum í Klappahrauni, gatnagerðaframkvæmdir í Klappahrauni, breytt aðkoma að skólum og íþróttamiðstöð, breyting á fráveitu í húsnæði Reykjahlíðarskóla, leikskólanum Yl og íþróttahúsi, móttframlag vegna fyrsta áfanga við gerð göngu- og hjólréiðastígs frá Reykjahlíð í Voga, endurnýjun stofnlagna hitaveitu á Skútustöðum, viðhald í íþróttamiðstöð, áframhaldandi viðhald í Skjólbrekku og öðrum eignum, nýtt salernishús við Höfða, ljúka

við frágang á gámaplani, undirbúningur á heitum potti við íþróttamiðstöð o.fl.

Þá verður farið í uppbyggingu á Hólasandi vegna fráveitumála m.a. með uppsteypu á safntanki í samstarfi við ríkisvaldið.

Aðrar áherslur fjárhagsáætlunar:

- Ókeypis skólamáltíðir í leik- og grunnskóla, verður endurskoðað eftir 2ja ára reynslutíma.
- Áfram verður boðið upp á ókeypis frístundaþjónustu eftir að skólatíma lýkur hjá grunnskólanum og jafnframt upp á ókeypis ritföng.
- Áfram verður boðið upp á ókeypis akstur í félagsstarf eldri borgara á miðvikudögum.
- Gert er ráð fyrir fjármagni í verkefni tengd því hvernig hægt er að auka hamingju Mývetninga.
- Unnið að verkefni í moltugerð.
- Unnið að jafnlaunavottun.
- Unnið að fjölmeningarstefnu, endurnýjun jafnréttisáætlunar, umhverfisstefnu o.fl.
- Börn til 16 ára aldurs fá ókeypis í sund á Laugum.
- Skipulagðar rútuferðir í sundlaugina á Laugum einu sinni í mánuði (tilraunaverkefni til vors).
- Deiliskipulagsvinna við Skjólbrekku.
- Áframhaldandi deiliskipulagsvinna við Kjörbúðarreitinn.
- Áfram unnið að stefnumótun í ferðaþjónustu.
- Gerð nýs aðalskipulags.
- Reykjahlíðarskóli verður áfram tölvuvæddur ofl.
- Fleiri flokkunartunnur settar við ferðamannastaði.
- Gert er ráð fyrir nýjum samningum við Mývetning og Björgunarsveitina Stefán.
- Gert ráð fyrir strandblakvelli á næsta ári.
- Greining á möguleikum til útvíkkunar hitaveitunnar.
- Ráðinn tónlistarkennari í fullt starf.
- Unnið verður samkvæmt nýrri skólastefnu sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir nýrri húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir nýrri Mannauðsstefnu sveitafélagsins.

- Lokið við gerð umferðaröryggisáætlunar sveitarfélagsins.

Helstu óvissupættir sem gætu haft áhrif á fjárhagsáætlunina eru samningaviðræður við landeigendur vegna hitaveitumála, viðhaldspörf íþróttamiðstöðvar og Reykjahlíðarskóla en unnið að úttekt og kjarasamningar hjá flestum stéttarfélögum lausir.

### Fjárhagsáætlun 2020-2022:

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir jafnvægi í rekstri og jákvæðri afkomu samstæðunnar á öllum árum áætlunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir lántökum á tímabilinu og því verður unnið að hagræðingu í rekstri með það að markmiði að halda áfram átaki í viðhaldi og uppbyggingu innviða sveitarfélagsins. Þó ber þess að geta að nokkur óvissa ríkir um fjárfestingar og viðhald og verður fjárfestingaþörfin því endurmetin árlega á gildistíma áætlunarinnar.

### Komið til móts við eldri borgara og öryrkja

Álagningarreglur fasteignagjalda verða að óbreyttar á milli ára nema að fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að 5.000.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 6.975.000 kr.

80% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.000.000 til 5.750.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 6.975.000 til 7.750.000.

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.750.000 til 6.680.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.700.000 til 8.250.000.

Þetta þýðir að í flestum tilfellum falla fasteignagjöld þeirra alveg niður því tekjuviðmið til niðurfellingar og afsláttar hafa verið hækkuð um 38% á milli ára.

Við þetta má bæta að tekjuviðmið vegna heimajónustu hafa einnig hækkað sem þýðir að gjaldskráin lækkar talsvert.

### Breytingar á gjaldskrá:

Almennt hækka gjaldskrárlíðir um 2% frá árinu 2018 sem er um einu prósentu undir áætlaðri

verðlagsþróun. Gjaldskrárnar má finna í fundargerð sveitarstjórnar. Tvær breytingar voru gerðar á gjaldskrá Skjólbrekku. Annars vegar var leiga á minni sal (bláa salnum) lækkuð úr 16.500 í 10.000 kr. eða um 40%. Hins vegar verður hér eftir boðið upp á þrif þegar allt húsið er leigt undir stærri viðburði.

### Stýrihópur um fjölmenningsstefnu

Velferðar- og menningarmálanefnd samþykkti tilnefningar í stýrihóp við gerð fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins. Þeir eru:

Verkefnisstjóri: Starfsmaður Þekkinganets Þingeyinga.

Fulltrúi velferðar- og menningarmálanefndar: Ólafur Þröstur Stefánsson.

Fulltrúi grunn- og leikskóla: Sólveig Jónsdóttir.

Fulltrúi nýrra íbúa: Eva Humlova.

Fulltrúi atvinnulífsins: Ingibjörg Björnsdóttir.

### Kæru vegna skólaaksturs vísað frá

Á fundi sveitarstjórnar var lagður fram úrskurður kærunefndar útboðsmála dags. 9. nóv. 2018 í máli nr. 7/2018, Gísli Rafns Jónssonar gegn Skútustaðahreppi, um skólaakstur fyrir Reykjahlíðarskóla í Skútustaðahreppi. Kærandi krafðist þess að felld verði niður ákvörðun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um að ganga að tilboði Snow Dogs ehf í leið 2 samkvæmt útboðslýsingu og tilboð félagsins verði úrskurðað ógilt.

Fram kemur í úrskurðarorðum kærunefndarinnar að þar sem kærunefnd útboðsmála fjallar einungis um lögmati innkaupa sem falla undir gildissvið laga um opinber innkaup fellur kæruefnið utan úrskurðarvalds nefndarinnar.

Úrskurðarorð kærunefndarinnar eru:

*"Kröfum kæranda, Gísla Rafns Jónssonar, vegna útboðs varnaraðila, Sveitarfélagsins Skútustaðahrepps, um skólaakstur fyrir Reykjahlíðarskóla í Skútustaðahreppi, er vísað frá kærunefnd útboðsmála."*



Söguleg stund. Fyrsta skammti af svartvatni dælt í holu á Hólasandi. Verkval sá um verkefnið.

### Fráveitumál ganga samkvæmt áætlun

Á fundi sveitarstjórnar fór sveitarstjóri yfir stöðu umbótaáætlunar fráveitumála í Mývatnssveit sem gengur samkvæmt áætlun. Fyrsta skammti af svartvatni var dælt á Hólasand með leyfi heilbrigðiseftirlitsins á dögnum. Búið er að ákveða staðsetningu á safntanki með aðkomu Landgræðslunnar. Verið er að ljúka samningum við landeigendur á Hólasandi. Undirbúningur Landgræðslunnar gengur vel. Breyting á aðalskipulagi á Hólasandi er til umsagnar hjá Skipulagsstofnun. Þá er verið að skoða nýjan slóða að safntanki á Hólasandi sem er hugsaður til framtíðar. Þá er komið tilboð í bíl og hreinsibúnað frá dönsku fyrirtæki sem er verið að skoða. Ný samþykkt um fráveitur í Mývatnssveit er í rýni hjá Samorku. Sveitarfélagið er að undirbúa að fara í hönnun varðandi aðskilnað svartvatns og grávatns í grunnskóla, leikskóla og íþróttamiðstöð. Nýr hluti Klappahrauns verður með þessum hætti, þ.e. aðskildu svartvatni og grávatni sem er einsdæmi hér á landi. Heilbrigðiseftirlitinu er haldið upplýstu um alla þessa verkþætti.

Sveitarstjórn samþykkti samning við Eflu verkfræðistofu um hönnun safntanks á Hólasandi til útboðs ásamt almennri ráðgjöf en hann tekur mið af rammamningi ríkis og sveitarfélaga 2018 og er undir viðmiðunarupphæðum innkaupareglna Skútustaðahrepps. Áætlaður heildarkostnaður er kr. 5.668.456 án vsk.

### Ytra mat á Reykjahlíðarskóla

Lagt fram bréf dags. 9. nóvember 2018 frá Menntamálastofnun sem sér um framkvæmd ytra mats á grunnskólum fyrir hönd menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga. Reykjahlíðarskóli hefur verið valinn til ytra mats á vorönn 2019. Markmið með ytra matinu eru meðal annars að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ekki er gerður samburður á skólum heldur notaðar samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða.

Sveitarstjórn fagnar ytra matinu sem á eftir að efla starfsemi Reykjahlíðarskóla til framtíðar.

### Björgunarsveitin Stefán styrkt

Í sveitarstjórn var lagt fram bréf dags. 29. október 2018 frá Björgunarsveitinni Stefáni um styrkbeiðni til að festa kaup á nýjum bíl sem hentar vel í minni útköllum. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að veita Björgunarsveitinni Stefáni styrk að upphæð 250.000 kr. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að gera drög að samstarfssamningi við björgunarsveitina til næstu þriggja ára og leggja fyrir sveitarstjórn.

### Glæsileg dagskrá í tilefni Fullveldisafmælis og 30 ára afmælis Framhaldsskólans á Laugum

Þann 1. desember verður aldarafmæli fullveldis á Íslandi. Framhaldsskólinn á Laugum varð einnig 30 ára núna í haust. Í tilefni af þessum afmælum bjóða sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit ásamt Framhaldsskólanum á Laugum til hátíðar- og skemmtidagskrár 1. desember n.k. kl. 14:00 í íþróttahúsinu á Laugum. Kynnir á samkomunni verður Una María Óskarsdóttir varapingmaður en hún ólst upp á Laugum.

#### Hátíðar- og skemmtidagskrá

1. Nemendur úr 9. bekk Þingeyjarskóla spila á marimbahljóðfæri
2. Kristjana Freydis Stefánsdóttir sigurvegari Tónkvíslar 2018 syngur lag og hljómsveit Laugaskóla spilar undir

3. Eyhildur Ragnarsdóttir nemandi í Stórutjarnaskóla leikur á þverflautu
4. Rannveig og Þórunn Helgadóttir nemendur í Stórutjarnaskóla flytja tvísöng
5. Ágúst Torfi Hauksson framkvæmdastjóri Norðlenska og Laugaskólastjórásonur flytur skemmtiræðu.
6. Arna Þóra Ottósdóttir nemandi í Reykjahlíðarskóla syngur lag við undirleik Ilonu Laido.
7. Samspil frá nemendum Reykjahlíðarskóla
8. Sólveig Þráinsdóttir sjúkrapjálfari og fyrrum Lauganemi flytur skemmtiræðu
9. Stefán Jakobsson, JAK, fyrrum Lauganemi og söngvari Dimmu tekur nokkur lög
10. Leiklistarnemendur Laugaskóla flytja söngatriði úr leikritinu Vælukjóanum
11. Afhending afmælisgjafar
12. Karlaþórinn Hreimur tekur nokkur lög

Eftir dagskrána býður Laugaskóli viðstöddum í afmæliscaffi í Gamla skóla og frá 16:00 verður ókeypis í sundlaugina á Laugum í boði Þingeyjarsveitar.



Frá kynningu Háskólans á Akureyri um styttingu vinnuvikunnar.

### Skoðað með tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar

Verið er að skoða með tilraunaverkefni á leikskólanum með styttingu vinnuvikunnar líkt og Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög hafa gert með góðum árangri. Í kjölfarið yrði verkefnið þróað yfir á aðrar stofnanir sveitarfélagsins. Sveitarstjóri og leikskólastjóri fóru yfir kynningu á samskonar verkefni sem haldið var í Háskólanum á Akureyri um daginn. Þar kom fram að helstu niðurstöður á samtölum við rýnihóp tilraunaverkefnisins um styttingu vinnuvikunnar eru almennt jákvæðar. Styttingin auðveldar samræmingu vinnu og

einkalífs, jafnar ábyrgð á heimilum, starfsálag hefur ekki aukist, starfsfólk er síður að útrétta á vinnutíma, samverustundum fjölskyldna hefur fjölgað o.fl.

### Fjölskyldudagskrá í Dimmuborgum og Jarðböðunum 2. desember

Sunnudaginn 2. desember verður sérstök barnadagskrá í Mývatnssveit í tilefni fullveldisafmælisins í boði Skútustaðahrepps, Mývatnssstofu og Jarðböðanna. Dagskráin hefst kl. 11:00 í Dimmuborgum þar sem jólasveinarnir taka á móti gestum, spjalla um heima og geima, syngja og dansa. Svo er aldrei að vita nema að börnin fái einhvern glaðning. Frá kl. 14:00 til 15:00 ætlar svo DJ Henri að koma okkur í jólaskapið þennan fyrsta sunnudag í aðventu og halda fjölskylduteiti í Jarðböðunum við Mývatn. Ókeypis verður í Jarðböðin fyrir 12 ára og yngri, unglingar 13-15 ára greiða 1.000 kr. og fullorðnir 3.000 kr

Eigum góða stund saman á milli kl 11:00 og 15:00 sunnudaginn 2. desember í Mývatnssveit, töfralandi jólanna.

### Aðventuhlaup íþróttamiðstöðvar

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps stendur fyrir aðventuhreyfingu fyrir alla fjölskylduna laugardaginn 8. desember. Sett verður upp stutt braut ca 5 km en þátttakendur ráða sjálfir vegalengdinni sem þeir vilja fara.

Aðventuhlaupið hefst stundvíslega kl. 10:30 og verður skráning á staðnum. Húsið opnar kl. 10:00 og hvetjum við alla til að mæta tímanlega. Boðið verður upp á léttu hressingu í lokin og dregnir verða út veglegir vinningar.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna! Hlökkum til að sjá ykkur.

Skútustaðahreppur er heilsueflandi samfélag!

### Styrkjum Freyju á Grænavatni

Freyja Kristín Leifsdóttir býr með Haraldi Helgasyni manni sínum á Grænavatni. Í sumar greindist hún

með krabbamein í annað sinn. Í fyrra skiptið var það krabbamein í brjósti en núna er það krabbamein í mænuvökva.

Þegar einhver í okkar litla samfélagi lendir í svona miklum erfiðleikum þá snertir það okkur öll. Freyja hefur þurft að dvelja mikið á sjúkrahúsinu á Akureyri í veikindum sínum og hefur Harri ferðast flesta daga á milli heimilis og Akureyrar til að geta verið með henni. Það er því ljóst að ferðakostnaður er töluverður hjá þeim, fyrir utan allan annan kostnað sem fylgir svona alvarlegum veikindum.

Við getum ekki linað þjáningar þeirra en við getum létt undir með þeim fjárhagslega og gert þeim kleift að dreifa huganum á þessum erfiðu tímum.

Höfum við því stofnað reikning til styrktar þeim í Sparisjóði Suður-Þingeyinga. Reikningsnúmerið er: 1110-05-408080 kt. 061267-4689.

Þeir sem vilja leggja þeim lið geta lagt inn á reikninginn í Sparisjóðnum, því ekki veitir af liðsinni okkar í þessum miklu veikindum.

Margt smátt gerir eitt stórt. Með fyrirfram þökk

*Vinir Freyju og Harra.*



*Hinir lipru starfsmenn áhaldahússins komu með jólin til okkar í vikunni með því að setja upp jólaljósinn við Hlíðaveg.*

### **Kveikt á jólatré - Jólatónleikar**

Kveikt verður á jólatré við Reykjahlíðarskóla mánudaginn 3. desember kl. 10:00. Á eftir verður boðið upp á kakó og piparkökur.

Jólatónleikar tónlistarskólans verða 6. desember í Reykjahlíðarskóla kl. 16:30. Allir velkomnir.

### **HRÓS DAGSINS...**

Fær rúningameistarinn Júlíus Björnsson frá Skútustöðum sem náði þeim áfanga í gær að rýja kind nr. 1.000 á þessari vertíð. Júlíus er eftirsóttur í þessum bransa enda er hann snar í snúningum en jafnframt vandvirkur í sínum störfum.



*Jólasveinarnir í Dimmuborgum fara á stjá 1. desember n.k. á sjálfan fullveldisdaginn. Þeir munu taka á móti kátum krökkum alla daga fram að jólum. Dagskrána má sjá nánar á Facebook síðu þeirra og á [www.jolasveinarniriddimmuborgum.com](http://www.jolasveinarniriddimmuborgum.com)*

### **Ýmislegt**

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. fundi með landeigendum í Vogum, Landsvirkjun, stýrihóp um umferðaröryggisáætlun, fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri um styttingu vinnuvikunnar, stjórnarfund hjá Samtökum orkusveitarfélaga, skipulagsnefnd, forstöðumanna-fund, stýrihóp um stefnumótun í ferðaþjónustu, framkvæmdastjórn hérðansnefndarinnar svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**